

Ed.

543. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum að undanfögnu. Klofnaði nefndin í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Nefndinni bárust athugasemdir við frv. frá samtökum atvinnubifreiðastjóra og er í breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar tekið tillit til þeirra sjónarmiða, er þar komu fram, og lagt til að veggjaldið verði lækkað verulega á þyngri bifreiðum. Einnig er lagt til að tollur af hjólbörðum fyrir stærri bifreiðar verði lækkaður um helming, og er það áfangi í því að lækka tolla af hjólbörðum almennt.

Rætt var í nefndinni hvort veita ætti undanþágu frá greiðslu veggjalds þeim öryrkjum sem fengið hafa eftirgjöf af innflutningsgjöldum bifreiða sinna. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og tollstjóraembættinu er talið að flókið yrði að framkvæma slíka eftirgjöf. Telur nefndin því eðlilegra að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna veggjaldsins með því að hækka eftirgjöf af innflutningsgjöldum af bifreiðum til öryrkja og leggur til að það verði athugað nánar.

Alþingi, 9. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Guðm. Bjarnason,
frsm.

Davíð Aðalsteinsson.